

Ed.

603. Nefndarálit

[94. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjómannaálagum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á þremur fundum og fengið til viðræðu fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Aflatryggingasjóði.

Samgöngunefnd Nd. gerði nokkrar breytingar á frv., en skiptar skoðanir urðu í deildinni um þær breytingar og málið afgreitt þar með þeirri ábendingu, að samgöngunefnd Ed. tæki þær til sérstakrar athugunar.

Veigamesta breyting Nd. var í 4. málsgrein frv. á þá leið, að í stað 3 og 5 ára samfelldrar vinnu hjá sama útgerðarmanni skuli aðeins þurfa 2 og 4 ár til að halda föstu kaupum, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupum og skuli sú regla gilda fyrir alla áhöfn skipsins.

Fulltrúar ASÍ voru sérstaklega spurðir að því, hvort hægt væri að bera þessi ákvæði fyrir sjómenn saman við það, sem aðrar stéttir hafa. Svarið var á þá leið, að sérstaða sjómanna væri slík, að alls ekki væri hægt að segja að þetta yrði hagstæðara fyrir sjómenn. Bentu þeir í því sambandi á 2. töl. Fréttabréfs ASÍ frá þessu ári, þar sem segir í niðurlagi 12. liðar í sameiginlegum kröfum á samningssviði ASÍ, „að réttur sjómanna til launa í veikinda- og slysatilfellum verði aldrei minni en sá réttur, sem landverkafólki er tryggður.“

Í umræðum í nefndinni var bent á, að samkv. 3. gr. laga um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins beri hinni almennu deild sjóðsins að bæta aflahlut skips og áhafnar, þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum. Á þann hátt yrði leystur nokkur hluti þess vanda, sem kann að skapast við það, að í Nd. var felld niður síðasta setningin í 2. mgr. frv., þ. e.: „Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabíla, sem eru hefðbundin og þekkt fyrir fram.“

Fulltrúi Aflatryggingasjóðs tjáði nefndinni, að sjóðurinn hefði alls ekki bolmagn til að standa undir slíkum greiðslum.

Nefndinni er því ljóst, að þetta atriði ásamt fleirum í sambandi við samþykkt frv. þarf að taka til nánari athugunar svo fljótt sem kostur er. En um önnur þarf að setja nánari ákvæði en verið hafa í kjarasamningum. Sá tími, sem samgöngunefnd hefur til athugunar á þessu máli, er hins vegar of skammur til þess að við verði komið fyrir þinglok slíkum breytingum, og leggur hún því til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1980.

Jón Helgason,
form., frsm.

Guðm. Karlsson,
með fyrirvara.

Egill Jónsson,
fundaskr.

Lárus Jónsson.

Stefán Jónsson.

Stefán Guðmundsson.

Eiður Guðnason.